

E. Eftirlit.

11. Tilnefningaryfirvöld skulu viðhalda viðvarandi eftirliti með tilnefndum samræmismatsstofum, eða sjá til þess að það sé gert, með reglubundnum úttektum eða mati. Tíðni og eðli slíkra aðgerða skulu vera í samræmi við bestu starfsvenjur, sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar, eða eins og sameiginlega sérsviðanefndin samþykkir.
12. Tilnefningaryfirvöld skulu gera kröfu um að tilnefndar samræmismatsstofur taki þátt í hæfnisprófunum eða öðrum viðeigandi sam-
anburði sé unnt að framkvæma slíkar
aðgerðir tæknilega innan eðlilegra kostnaðar-
marka.
13. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa samráð við mótaðila sína, eftir þörfum, í því skyni að tryggja að tiltrú á samræmismatsferli og -að-
ferðum sé viðhaldið. Samráðið getur falist í
sameiginlegri þátttöku í úttektum, sem tengj-
ast samræmismati eða öðru mati á samræm-
ismatsstofum, þar sem slík þátttaka er viðeig-
andi og tæknilega framkvæmanlegar innan
eðlilegra kostnaðarmarka.
14. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa samráð við hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld annars samn-
ingsaðila, eftir þörfum, í því skyni að tryggja
að engum ákvæðum laga og reglna sé sleppt
og um þau sé fjallað á tilhlýðilegan hátt.

E. Monitoring

11. Designating Authorities shall maintain, or cause to maintain, ongoing surveillance over designated Conformity Assessment Bodies by means of regular audit or assessment. The frequency and nature of such activities shall be consistent with international best practices or as agreed by the Joint Sectoral Group.
12. Designating Authorities shall require designated Conformity Assessment Bodies to participate in proficiency testing or other appropriate comparison exercises where such exercises are technically possible within reasonable cost.
13. Designating Authorities shall consult as necessary with their counterparts, to ensure the maintenance of confidence in conformity assessment processes and procedures. This consultation may include joint participation in audits related to conformity assessment activities or other assessments of designated Conformity Assessment Bodies, where such participation is appropriate and technically possible within reasonable cost.
14. Designating Authorities shall consult, as necessary, with the relevant regulatory authorities of another Party to ensure that all regulatory requirements are identified and are satisfactorily addressed.

AUGLÝSING

um fyrirkomulag milli Íslands og Lettlands varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Fyrirkomulag milli Íslands og Lettlands varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir, sem gert var í Reykjavík 18. september 1996, öðlaðist gildi 1. febrúar 2001.

Fyrirkomulagið liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að því.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 2. febrúar 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.